



**Vigdís  
Finnbogadóttir**

forseti Íslands fer til Bandaríkjanna á laugardaginn kemur en hún mun síðar í mánuðinum opna fyrir hönd Norðurlandanna, listiðnaðarsýningu í New York. Sýnd eru verk 35 listamanna og af Íslands hálfu eiga verka á sýningunni: Ásgerður Búadóttir, Guðný Magnúsdóttir, Jens Guðjónsson, Jónína Guðnadóttir, Leifur Breiðfjörð, Ragna Róbertsdóttir og Steinunni Þórarinsdóttir. Vigdís mun síðan hitta forseta Bandaríkjanna að máli í Hvíta húsinu 26. janúar n.k.

#### Bæjarstjórn Akraness

hefur skorað á stjórnvöld að tryggja Vegagerð ríkisins fjármagn til að kosta nauðsynlegar rannsóknir á vegatengingu yfir utanverðan Hvalfjörð, annað hvort með byggingu brúar eða gerðar jarðgangna. Lausleg könnun bendir til að slíkar framkvæmdir séu þjóðhagslega hagkvæmar.

#### Aðstoðar- bankastjórn

hafa verið ráðnir hjá Útvegsbankanum hf. Það eru þau Jakob Ármannsson sem starfað hefur sem sérfræðingur í erlendum viðskiptum á vegum bankans og Kristín Lilja Steinsen, viðskiptafræðingur sem starfað hefur undanfarið sem fulltrúi bankastjóra.

#### Neytenda- samtökin

hafa skorað á samtök eggjaframleiðenda að falla frá fyrirhugðum hugmyndum um framleiðslustjórnun á eggjum með fódurbættisskömmtnun. Slík skömmtnun yrði á kostnað neytenda að mati samtakanna sem hafna alfarið öllum tilraunum framleiðenda til að skipta framleiðslunni á milli sín án þess að fyrir liggi hvernig nýir aðilar eigi að komast inn í greinina.

#### Færri atvinnu- leysisdagar

voru skráðir í desember sl. en í nokkrum öðrum desembermánuði á þessum áratug. Skráðir voru 14 þúsund dagar, sem jafngilda því að 650 manns hafi verið á atvinnuleysissskrá allan mánuðinn. Atvinnuleysisdagar hafði hins vegar fjölgað nokkuð frá því í nóvember eða úr 0,2 af vinnufærum mannafla í 0,5%

#### Kennsla í húsagerðarlist

hérlandis, er til skoðunar í sérstakri nefnd sem menntamálaráðherra hefur skipað. Nefndin er ætlað að láta uppi rökstutt álit á hvort rétt sé að taka upp slíka kennslu hér og hvar best væri að vista hana ef til kæmi. Í nefndinni eiga sæti þau: Guðrún Jónsdóttir arkitekt, Vilhjálmur Hjálmarsson arkitekt, Hörður Ágústsson listmálari, Þorsteinn Helgason prófessor og Stefán Stefánsson deildarstjóri sem er formaður nefndarinnar.

# Endurnýjun ytra

*Guðjón Jónsson formaður: Öll nýsmíði og endurbætur á fiskiskipaflotanum fer fram erlendis. Á meðan hafa innlendar skipasmíðastöðvar takmörkuð verkefni*

**P**að nær auðvitað engri átt fyrir eypjóð eins og okkur að flytja út til erlendra skipasmíðja allar meiriháttar nýsmíði og endurbætur á fiskiskipastólum. En því miður virðist stefna stjórnvalda vera í þá átt sem er alveg furðuleg, segir Guðjón Jónsson, formaður Málm- og skipasmíðasambands Íslands í samtali við Þjóðviljann.

Miðstjórn sambandsins hefur gagnrýnt stjórnvöld harðlega fyrir hvernig staðið er að endur-

nýjun fiskiskipastólsins og jafnframt skorað á þau að beita sér fyrir því að innlendum skipasmíðastöðvum verði falin veigameiri hlutur við endurnýjun hans heldur en gert hefur verið til þessa.

Að sögn Guðjóns kom það fram í svari iðnaðarráðherra á Alþingi vegna fyrirspurnar þar að lútandi að Fiskveiðisjóður hefur veitt lán til 23 fiskiskipa, 70 til 900 tonna sem eru í smíðum erlendis að upphæð um 1,8 milljarða

króna. Heildarverð þessara skipa er rúmlega 3 milljarðar. Á sama tíma eru í smíðum hér innanlands aðeins 16 þilfarsskip og af þeim eru 14 tíu tonn eða minni. Guðjón sagði að samkvæmt þessum upplýsingum væri það ljóst að endurnýjun fiskiskipastólsins færi nú fram að mestum hluta erlendis og keypt þar fyrir dýrmætan gjaldeyri. Á sama tíma hefðu innlendar skipasmíðastöðvar mjög takmörkuð og óviss verkefni.

„Ef þessi þróun heldur áfram í þessum farvegi mikið lengur, glötum við bráðum þekkingu okkar til allra nýsmíða og endurbóta á fiskiskipastólum. Til marks um það hver þróunin hefur verið, þá unnu hjá Stálvík hf. fyrir nokkru síðan á annað hundrað manns, en í dag vinna þar aðeins um 60-70 manns,“ sagði Guðjón Jónsson formaður Málm- og skipasmíðasambandsins.

– grh.

#### Meinataeknar

## Eigið félag?

*Stjórn Meinataeknafélagsins mælir með stofnun stéttarfélags með sjálfstæðan samningsrétt.*

*Marta Hjálmarisdóttir: Viljum jafnframt starfa í sterkum heildarsamtökum*

**M**einataeknar hafa ákveðið að ganga til atkvæðagreiðslu um það hvort félagið skuli nýta sér þær breytingar í nýjum samningsréttarlögum opinberra starfsmanna sem gefa félögum heimild til þess að stofna sjálfstætt stéttarfélag. Atkvæðaseðlar hafa nú verið sendir út og ber félagsmönnum að skila þeim eigi síðar en 25. janúar. Er gert ráð fyrir að niðurstöður liggi fyrir um næstu mánaðamót.

Marta Hjálmarisdóttir varaformaður Meinataeknafélagsins sagði í samtali við Þjóðviljann að stjórn félagsins hefði mælt með því að félagið yrði stéttarfélag með sjálfstæðan samningsrétt, en

fram til þess hafa meinataeknar verið sem einstaklingar í Starfsmannafélagi ríkisins og starfsmannafélögum sveitarfélaga. Sagði Marta að á félagsfundinum virtist vilji félagsmanna vera sá sami og stjórnarinnar í þessum efnum.

Kostina við það að meinataeknar mynduðu sjálfstætt stéttarfélag sagði Marta vera þá að þannig kæmust meinataeknar nær viðsemdum og myndu eiga hægarara um vik að berjast fyrir sér málum meinataekna. „Það er hinsvegar eindreginn vilji okkar að starfa jafnframt í sterkum heildarsamtökum,“ sagði Marta.

– K.Ól.

#### Umferðin

## Lítið um vanbúna bíla

Þrátt fyrir þæfingsferð á götum Reykjavíkur í gær urðu óhöpp í umferðinni ekki fleiri en gengur og gerist. Alls urðu um 25-30 árekstrar og 2 umferðarslys.

Að sögn lögreglunnar var óvenjulítið um vanbúna bíla í umferðinni í gær í fyrstu alvöru vetrarferðinni, en nokkrum snjó

kyngdi niður um helgina. Lögreglan sagði að það væri mesta furða hvað umferðin hefði gengið áfallalítið fyrir sig.

Helgin var þökkaleg að sögn lögreglu og stórslysalaus, en þó var samkvæmt venju gestkvæmt í fangageymslum.

–grh

#### Húsnæðislánin

# Ný lán um áramót

*Hrafn Magnússon: Ekkert í lögunum sem gefur tilefni til að rifta*

**P**eir sem sóttu um húsnæðislán í mars á síðasta ári geta átt von á því að fá lán öðru hvoru megin við næstu áramót, að sögn Sigurðar E. Guðmundssonar, framkvæmdastjóra Húsnæðisstofnunar.

Sigurður sagði að menn hjá Húsnæðisstofnun séu nú að vinna að þessu af fullu kappi en að hann hefði sjálfur ekki haft tök á að kynna sér reglugerðina nógu ytarlega til að gefa ákveðin svör um hvernig hún komi út í framkvæmd, þó sagðist hann búast við að þeir sem ekki lenda í forgangshópi fái lán eftir eitt til tvö ár.

Samkvæmt reglugerðinni hafa þeir umsækjendur sem eru að byggja eða kaupa í fyrsta sinn for-

gang um lán og á biðtími þeirra að jafnaði að vera helmingi styttri en þeirra sem eiga íbúð fyrir. Þá lenda þeir umsækjendur sem eiga ófullnægjandi húsnæði eða þurfa að skipta um húsnæði af fjölskylduástandum einnig í forgangshópnum.

Ákvæðið um forgangshópa gildir þó ekki um þá sem sóttu um áður en nýja húsnæðisfrumvarpið varð að lögum, þar hafa allir jafnan rétt einsog var áður en lögunum var breytt.

Nú er Húsnæðismálastjórn heimilt að synja um lán ef umsækjandi á fleiri en eina íbúð og heimilt að lækka lánsfjárhæð og breyta lánskjörum ef umsækjandi á eða hefur átt fullnægjandi

íbúð á síðastliðnum þremur árum, skuldlaus eða skuldlitla.

Samkvæmt reglugerðinni sendir Húsnæðisstofnun nú frá sér tvennskonar lánsloforð. Annarsvegar er það svar um lánsrétt, sem umsækjandi fær innan þriggja mánaða frá því að sótt var um lán og hinsvegar lánsloforð með bindandi svari um lánsfjárhæð og afgreiðslutíma og skal senda umsækjanda það einu ári áður en fyrsti hluti láns kemur til afgreiðslu.

Einsog fram kom í Þjóðviljanum á laugardag hafa einungis um 30 lífeyrissjóðir gengið frá samningi við Húsnæðisstofnun um skuldabréfakaup, en alls eru um 80 lífeyrissjóðir starfandi í

landinu. Lífeyrissjóðirnir eru þessa dagana að taka ákvörðun um hvort þeir sætti sig við þessa nýju reglugerð og samkvæmt heimildum Þjóðviljans munu hvorki Landssamband lífeyrissjóðanna né Samband almennra lífeyrissjóða letja lífeyrissjóðina að ganga frá skuldabréfakaupum fyrir næstu tvö árin.

Landssamband lífeyrissjóðanna þingaði um þetta í gærkvöldi og í dag mun framkvæmdanefnd SAL koma saman til að ræða þetta.

Að sögn Hrafn Magnússonar, framkvæmdastjóra SAL, er ekkert í þessum nýju lögum þess eðlis að það gefi tilefni til riftunar á samkomulaginu.

–Sáf



**Innanlandsflugið gekk upp.** Vegna eljagangs á Suðvesturlandi í gærmorgun og seinnipart dags urðu nokkrar tafir á innanlandsfluginu, en að lokum komust allir leiðar sinnar nema farþegar að sunnan til Þingeyrar. Á myndinni er flugstjóri Akureyrarvélarinnar eftir að farþegar urðu að snúa aftur vegna frestunar. Eins gott að hreyflarnir séu í lagi. (Mynd E.Ól.)